



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um rafræna þjónustu í leikskólamálum.

Á fundi borgarráðs, 11. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Svo virðist sem stafræn umbreyting borgarinnar gangi stundum meira inn á þætti sem ekki snúa beint að bættu aðgengi borgarbúa að þeirri rafrænu þjónustu sem þeim ætti að standa til boða. Dæmi um þetta er þegar foreldri þarf að segja upp dvalarsamningi barns í leikskóla. Þá þarf viðkomandi að taka á móti útprentuðu A4 blaði frá leikskólanum sem þarf að fylla út skriflega með öllum viðeigandi upplýsingum og skila því aftur til baka í leikskólann. Fulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna, hvenær stafræn umbreyting Reykjavíkurborgar nái að skila sér að fullu, alla leið til leikskólanna í borginni?

Svar:

Þó verkefnið um stafræna umbreytingu hafi átt ákveðið upphaf þá var margt búið að gera áður í stafrænni umbreytingu og fjölmargt framundan. Umbreytingin kallar á ný vinnubrögð sem halda áfram að þróast eftir því sem tækninni heldur áfram að fleyta fram.

Varðandi uppsögn á dvalarsamningi í leikskóla þá er verkefni í gangi sem snýr að stafrænni umbreytingu skráningar í leikskóla og er uppsögn dvalarsamnings hluti af því ferli. Síðasta vor varð sú breyting að varðandi grunnskólanemendur þurftu ekki að segja upp dvalarsamningi í leikskóla við upphaf grunnskólagöngu en aðrar uppsagnir eru enn eftir því ferli sem nefnt er í fyrirspurn og eru til endurskoðunar eins og fyrr segir.